

FRÁSÖGN

af fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Reykjavík 14. júní 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn Guðjón S. Brjánsson, formaður, auk Bylgju Árnadóttur, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Kári Páll Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, Hans Enoksen, formaður landsdeildar Grænlands, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Mette B. Berthelsen, ritari grænlenku landsdeildarinnar, Naja Rosing Ludvigsen, túlkur grænlenku landsdeildarinnar, og Høgni Joensen, ritari færeysku landsdeildarinnar. Helstu mál á dagskrá fundarins voru undirbúningur undir ársfund ráðsins í september og áheyrnaraðild Vestnorræna ráðsins að Norðurskautsráði.

Formenn landsdeildanna þriggja sögðu stuttlega frá verkefnum deildanna frá síðasta fundi forsætisnefndar. Hans Enoksen þakkaði fyrir móttökurnar sem nýr meðlimur forsætisnefndar í kjölfar kosninga í Grænlandi í apríl. Hann sagði sjálfstæði Grænlands hafa verið ofarlega á baugi í kosningabaráttunni og benti á að 14 þingmenn af 31 kæmu nýir inn á grænlenka þingið. Kári Páll Højgaard greindi frá því að sem formanni Vestnorræna ráðsins hefði honum verið boðið á hátíðarþingfund Alþingis á Þingvöllum til að fagna 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Guðjón S. Brjánsson sagði frá þátttöku sinni í fundum Norðurskautsráðsins í mars fyrir hönd forsætisnefndar og í Hringborði norðurslóða í Færeyjum í maí fyrir hönd Íslandsdeildar.

Sigurður Ólafsson greindi frá starfi ráðsins undanfarna mánuði. Í febrúar átti forsætisnefnd fund með þingmannanefnd Evrópuþingsins í Reykjavík og í mars tók Vestnorræna ráðið þátt í fundum vinnuhóps um sjálfbæra þróun og sendiherrafundi hjá Norðurskautsráði. Einnig fór framkvæmdastjóri á Hringborð norðurslóða í Færeyjum. Forsætisnefnd samþykkti að fela Sigurði að endurskoða reglur barna- og unglingsbókaverðlauna Vestnorræna ráðsins og koma með tillögum að umbótum. Stuttlega var rætt um dönsku sem vinnutungumál ráðsins í ljósi versnandi dönskukunnáttu meðal íslenskra meðlima ráðsins á undanförunum árum. Bent var á að Íslandsdeild hefði á síðustu árum átt sífellt erfiðara með að taka þátt í starfi ráðsins vegna tungumálaörðugleika. Kári Páll Højgaard sagði nauðsynlegt að ræða það ef meðlimum ráðsins fyndist erfitt að taka þátt í starfi ráðsins sökum tungumálsins. Hann benti hins vegar á að fjárhagur ráðsins leyfði ekki túlkun yfir á þrjú tungumál og sagði varhugavert að breyta vinnutungumálinu í ensku. Ef landsdeildir óskuðu hins vegar eftir því að gera einhverjar breytingar yrði að leggja fram breytingartillögu á ársfundi.

Forsætisnefnd ræddi þátttöku Vestnorræna ráðsins í starfi Norðurskautsráðs, en Vestnorræna ráðið er með áheyrnaraðild að Norðurskautsráði. Í umræðum kom fram að í kjölfar áheyrnaraðildarinnar hefðu framlög aðildarríkja Vestnorræna ráðsins hækkað til að standa straum af ráðningu viðbótarstarfsmanns í hálfra stöðu. Þessi starfsmaður hefur ekki enn verið ráðinn en skal, samkvæmt samþykktum ráðsins, fyrst og fremst sinna málefnum norðurslóða. Fram kom að innan landsdeildanna hefði verið nokkur óánægja með litla aðkomu þingmanna að þróun þeirrar verkefnistillögu sem samþykkt var á aukaársfundi ráðsins í janúar, en hún lýtur að rannsókn á áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna á norðurslóðum. Bent var á að frestur til að sækja um fjárstyrki til verkefnisins væri útrunninn og að næst væri hægt að sækja um fyrir lok febrúar 2019. Sigurður Ólafsson upplýsti einnig um fund sinn með fulltrúum utanríkisráðuneytis Íslands um málefnið þar sem viðraðar voru hugmyndir um að tengja verkefnið við formennsku Íslands í Norðurskautsráði haustið 2019. Forsætisnefnd samþykkti að bíða með að auglýsa í hálfra stöðu starfsmanns ráðsins þar til síðar á árinu. Fram að því yrði forgangsriðun vinnu Vestnorræna ráðsins innan Norðurskautsráðsins rædd nánar í forsætisnefnd og á ársfundi í september.

Guðjón S. Brjánsson kynnti tillögu Íslandsdeildar að þema fyrir ráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2019 á Íslandi. Tillagan gerir ráð fyrir að haldin verði opin ráðstefna miðvikudaginn

30. janúar og að þemað verði „Staða Vestur-Norðurlanda í nýjum veruleika alþjóðastjórn mála“. Þemaráðstefnan mundi þannig uppfylla ályktun ráðsins nr. 3 frá árinu 2016 þar sem kallað var eftir því að ríkisstjórnir landanna ynnu saman að því að halda ráðstefnu um þetta efni. Tillaga Íslandsdeildar hlaut góðan hljómgrunn og verður lögð fyrir ársfund í september.

Ákveðið var um að halda símafund forsætisnefndar um miðjan ágúst. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.